

Kaldrananeshreppur  
Holtagötu  
520 Drangsnæs

Umhverfisstofnun
Áb. _____
16. sep. 2011 10.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. september 2011  
Tilvísun: UST20110900030/ksj

### Tillaga að Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010 - 2030. Umsögn

Vísað er til erindis Kaldrananeshrepps er barst 6. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010 – 2030.

Umhverfisstofnun tekur undir stofnmarkmið aðalskipulagstillögunnar um náttúruvernd og sjálfbæra þróun og telur þau ásamt stefnumörkun um aðgengi til fyrirmyndar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

#### Meginatriði stefnumörkunar

#### Efnistaka og námarekstur

Á lista yfir efnistökusvæði í sveitarfélaginu kemur fram að alls er gert ráð fyrir 16 efnistökusvæðum í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun bendir á að gert er ráð fyrir mjög mikilli efnistöku á skipulagstímabilinu og bendir stofnunin á að áætluð efnistaka ætti að vera í samhengi við áætlaðar framkvæmdir í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu.

#### Frárennismál

Í kaflanum um stofnmarkmið aðalskipulagsins kemur fram stofnmarkmið um frárennismál sé að: „Áfram verði rotþróm komið fyrir þar sem þeirra er þörf og hugað að frárennismálum á Drangsnæsi“. Að mati Umhverfisstofnunar ætti sveitarfélagið að setja sér tímasetta áætlun um fráveitumál. Stofnunin bendir á að við úrbætur á fráveitumálum í sveitarfélaginu skal m.a. gæta þess að uppfyllt verði ákvæði 6. og 9. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, sem og annarra ákvæða reglugerðarinnar.

#### Matslýsing og umhverfismat skipulagstillögunnar

Í aðalskipulagstillögunni kemur fram að: „Ríkuleg áhersla er lögð á verndun svæða með hverfisvernd og fornleifaskráning hefur farið fram, sem hefur einnig áhrif á landnotkun í sveitarfélaginu.“ Umhverfisstofnun bendir á að eftirsóknaveit væri fyrir sveitarfélagið að

ganga lengra og stefna að friðlýsingu einstakra náttúruminja innan sveitarfélagsins.


### Frístundabyggð


Í umfjöllun um landnotkun sem flokkast sem frístundasvæði kemur fram að frístundabyggð er ráðgerð á svæði á náttúruminjaskrá, í Kaldbaksvík. Í skránni segir: "***Veidileysa og Kaldbaksdalur, Árneshreppi, Kaldranahreppi, Strandasýslu. Fjallendið milli Veidileysu og Kaldbaksdals ásamt honum. Að sunnan ræður lína úr Kaldbakshorni um Sandfell að þríhyrningsmælistað (674m) suðvestan við Hveratungu, þaðan um Strýtu að Bæjará. Norðurmörk fylgja Bæjará í botn á Veidileysu. Fjörur, strandlengja og grunnsævi frá ósi Bæjarár í Veidileysu að Brimnesi undan Kaldbakshorni. Stórskorið og margbreytilegt landslag. Sjávarlón.***"

Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir 2 svæðum með 2 frístundahúsum á hvoru svæði í Kaldbaksvík. Frístundahúsasvæðin í Kaldbaksvík eru ráðgerð sunnan og norðanmegin við austurenda Kaldbaksvatns. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta stöðuvötn og tjarnir 1.000 m<sup>2</sup> eða stærri sérstakrar verndar. Kaldbaksvatn er u.þ.b. 0,56 km<sup>2</sup> að stærð svo það nýtur sérstakrar verndar og skal forðast röskun þess eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á að í 4 gr. 15.2 *Vötn, ár og sjór ískipulagsáætlunum* í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 kemur fram að: "*Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.*" Þar sem ofangreind frístundabyggð er áætluð á svæði á náttúruminjaskrá, beinir Umhverfisstofnun þeim tilmælum til sveitarfélagsins að ekki sé byggt nær vatni eða strönd en í 100 metra fjarlægð.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf einnig að gæta þess við deiliskipulagningu frístundasvæða á ofangreindu svæði við Kaldbaksvík að um er að ræða vinsælt útivistarsvæði, enda umhverfið stórbrotið og veiði í vatninu.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir

Skipulagsstofnun